

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 124

2. mars 2023

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans miðvikudaginn 2. mars 2023 kl. 17:00. Mætt: Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Sigurðsson, Helgi Haukur Hauksson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari. Gestir fundarins voru Helga Karlsdóttir, fjármálastjóri MB, Henry Örn Magnússon og Sindri Freyr Gíslason frá Endurskoðun og ráðgjöf ehf sem tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundargerð síðasta fundar borin undir fundarmenn

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust vegna fundargerðar síðasta stjórnarfundar og var hún samþykkt.

2. Ársreikningur 2022

Skólameistari og fjármálastjóri fóru yfir ársreikninginn fyrir árið 2022. Tekjur hækkuðu um 8,5 milljónir á milli ára 2021 og 2022 og rekstrargjöld hækkuðu um tæpar 17 milljónir. Niðurstaða ársreikningsins eftir afskriftir, fjármunatekjur og gjöld er tap upp á rétt rúmar 11 milljónir. Tapið skýrist fyrst og fremst af auknum útgjöldum vegna STEAM og Kvikú, en í báðum verkefnum er ákveðinn stofnkostnaður og fjárfesting til framtíðar.

Umræður fóru fram um einstaka liði ársreikningsins og voru endurskoðendur til svara. Ársreikningur fyrir árið 2022 var borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Endurskoðun og ráðgjöf ehf. – skýrsla endurskoðenda

Henry Örn Magnússon fór yfir skýrslu endurskoðenda og einstaka liði hennar.

Umræður fóru fram í kjölfarið og skólameistara falið að fylgja eftir þeim ábendingum að úrbótum sem nefndar voru í skýrslunni.

4. Endurskoðun fyrir árið 2023

Stjórn óskaði eftir því á stjórnarfundum 4. október 2022 að gerð yrði verðkönnun á meðal endurskoðunarfyrtækja fyrir MB.

Skólameistari fór yfir öll tilboðin, en níu endurskoðunarfyrtækja sendu inn verðtilboð. Stjórn ákvað að skoða betur verðtilboð frá þremur af þessum níu fyrtækjum og var skólameistara falið að leita frekar upplýsinga.

5. Laun stjórnar MB

Stjórn samþykkti að leggja fram tillögu á næsta aðalfundi um fasta launaupphæð, sem framvegis tekur mið af launavísitölu. Skólameistara falið að gera bókun fyrir næsta aðalfund.

6. Verðlaun og styrkir

Rætt um verðlaunaveitingar vegna námsárangurs eða verkefna í námi við MB. Lagt er til að að tveir stjórnarmenn ásamt skólameistara starfsmanni MB taki þetta til frekari skoðunar. Sigursteinn og Inga Dóra buðu sig fram í verkefnið og var það samþykkt samhljóða.

7. Nemendagarðar

Rætt um stöðu mála er varðar undirbúning framkvæmda vegna Nemendagarða MB

8. Viðræður við Safnahús Borgarfjarðar

Rætt um viðræður forstöðumanns menningarmála hjá Borgarbyggð og skólameistara um mögulegan flutning bókasafns í Hjálmaklett sbr bókun í Byggðaráði;
<https://www.borgarbyggd.is/is/stjornsysla/stjornkerfi/fundargerdir/byggdarrad-borgarbyggdar/18782> Viðræður eru í gangi án þess að komin sé niðurstaða hvort og þá hvernig af því yrði. Umræður fóru fram.



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

9. Kynning á samningi við sálfræðipjónustu

Undirritaður hefur verið samningur við sálfræðistofuna *Mín líðan* sem stendur starfsfólki til boða.

10. Skólastarfið

Skólameistari fór yfir daglegan rekstur skólans.

11. Önnur mál

Engin önnur mál voru borin upp.

Fleira var ekki gert, og fundi slitið klukkan 19:15.